

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulspjóðgarðs

18. Fundur

Mætt voru Kristinn Jónasson, Hákon Ásgeirsson, , Inga Dóra Hrólfsdóttir, Sigurður Guðjónsson, Þórður Runólfsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

Fjarverandi: Anna Hallgrímsdóttir, Magnús Aðalsteinn Sigurðsson

Fundagerð ritaði: Ingunn Ýr Angantýsdóttir, þjónustustjóri Snæfellsjökulspjóðgarðs

Þriðjudagur 25. febrúar 2025, kl. 14:00 í fjarfundi

1. Fundargerð síðasta fundar.

- Samþykkt

2. Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, kynnir stjórnfyrirkomulag Vatnajökulspjóðgarðs.

- Í stjórninni sitja sjö fulltrúar: fjórir formenn svæðisráða þjóðgarðsins, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og tveir fulltrúar, formaður og varaformaður, skipaðir af umhverfisráðherra án tilnefningar. Útivistarsamtök tilnefna einn fulltrúa og ferðamálasamtök einn sem eiga áheyrnaraðild á fundum stjórnarinnar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt. Samráð er lykilþáttur og fer í gegnum svæðisráðin. Mikilvægt er að tengingar séu sterkar inn í stjórnsýslu sveitarfélaga, sérstaklega á suðursvæði þar sem bæjarstjóri er alltaf fulltrúi.
- Allar sértekjur fara í rekstur, en ekki eignakaup. Stjórnunar- og verndaráætlanir eru mikilvægar og æskilegt er að þær séu unnar með góðri samvinnu við hagsmunaaðila. Vatnajökulspjóðgarður vann sína áætlun með utanaðkomandi ráðgjöf. Þessi áætlun hefur að hluta ígildi aðalskipulags. Fulltrúar sveitarfélaga eru stórir þátttakendur í stjórn og ráðum og hafa raunveruleg áhrif á áætlunargerð.
- Stjórnin markar stefnu, en starfsfólk annast rekstur og leyfi. Svipað fyrirkomulag gæti virkað fyrir Snæfellsjökulspjóðgarð. Þegar allt virkar saman, hefur þetta fyrirkomulag reynst vel. Mikilvægt er að læra af reynslu þessa fyrirkomulags í Vatnajökulspjóðgarði í gegnum árin og nýta þá þekkingu og reynslu sem þar hefur orðið til.



- Munur er á svæðisráðum og svæðisstjórnnum. Svæðisráð tengja við hjartað á hverju svæði, en í svæðisstjórn eru fulltrúar frá víðs vegar um landið. Ákvarðanir eru teknar í svæðisstjórn, en það er traust á milli þessara stiga. Mikilvægt er að starfsfólk hafi bakland í svæðisstjórn og ráðum.

3. Staðan á sýningunni í Þjóðgarðsmiðstöðinni.

- Lögfræðingur Náttúruverndarstofnunar er að leggja lokahönd á samning vegna sýningarinnar við Yoke.
- Næstu skref eru að móta verkþætti með verktökum þegar samningurinn er fullgerður.

4. Ýmis mál er varðar þjóðgarðsmiðstöðina

- Óskað hefur verið eftir því að fá það á hreint frá FSRE hvar ábyrgð og kostnaður liggja fyrir þeim verkefnum og viðgerðum sem þarf nauðsynlega að fara í er varða húsnæðið. Kristinn ætlar að hafa samband við FSRE og heyr í þeim varðandi framhaldið.

5. Húsnæðismál fyrir sumarlandverði.

- Niðurstaða fundar með FSRE er að húsnæðið á Gufuskálum, sem landverðir dvelja í dag væri æskilegast að kaupa, gera upp og notað áfram fyrir tímabundið ráðna landverði

6. Vitavarðarhúsið á Malarriði.

- Bíðum eftir skýrslu frá minjaverði.

7. Djúpalón/Vegaframkvæmdir.

- Samkvæmt svörum frá Vegagerðinni er stefnt á lagfæringar á veginum í vor. Tryggja þarf að í framkvæmdinni verði bundið slitlag lagt á veginn. Einnig er það mikilvægt að fá tímasetningu á framkvæmdunum frá Vegagerðinni vegna skipulagningu lokunar vegarins á meðan á framkvæmdum stendur.

8. Þjónustugjöld á bílastæðum – skipulag á innheimtu – kynning.

- Búið að fara í útboð og fyrirtækið Parka fékk verkefnið. Stefnt er að því að gjaldtaka hefjist í sumar. Þetta verkefni er komið í ferli hjá Náttúruverndarstofnun og er verkefnastjóri sem heldur utan um það. Parka mun sjá um að setja upp myndavélar og tengja við greiðsluapp.

9. Hleðslustöðvar – staða á vali þjónustuaðila og tímasetning á uppsetningu.

- Tekið fyrir á næsta fundi

10. Starfsmannamál – ráðning þjóðgarðsvarðar – ráðning sumarlandvarða.

- Ragnhildur Sigurðardóttir hefur verið ráðin þjóðgarðsvörður. Ragnhildur byrjar í 50% starfi 1. mars og 100% starf 1. apríl.
- Ráðningar sumarstarfsfólks gengur vel. Um 221 sóttu um landvarðastarf og 40 um þjónustustjóratarf á landinu öllu og mun ráðningaferlið klárast á næstu dögum.

11. Önnur mál.

- Óskað var eftir því að fá rekstraryfirlit Snæfellsjökulspjóðgarðs tekjur og gjöld.

Næsti fundur 8. apríl kl. 14:00

Fundi slitið 15:30